



Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar  
Dalbraut 4  
300 Akranes

Reykjavík, 10. mars 2026

### **Efni: Öryggi nemenda og sundkennsla**

Þann 19. janúar sl. barst umboðsmanni barna erindi frá nemendum í Grundaskóla á Akranesi. Í erindinu óskuðu nemendur eftir stuðningi og leiðsögn umboðsmanns barna, m.a. við að koma skoðunum þeirra á framfæri varðandi skólasund. Málið má rekja til þess að við upphaf skólaárs haustið 2025 var tekin ákvörðun um að í Jaðarsbakkalaug yrðu búningsklefar fyrir almenna sundlaugargesti í öðru húsnæði á meðan skólasund færi fram. Í tilkynningu frá Akraneskaupstað kemur fram að ákall hafi verið eftir þessum breytingum og ákvörðunin hafi verið tekin með öryggi og vellíðan nemenda að leiðarljósi. Þá er jafnframt bent á að um 100 grunnskólabörn sækja skólasund á hverjum degi í lauginni. Frá því að þessi ákvörðun var tekin hafa nokkrir almennir sundlaugargestir lýst mikilli óánægju með að þurfa að nota aðra búningsklefa á tímum skólasunds og hafa þeir staðið fyrir undirskriftasöfnun gegn þessum breytingum. Nemendur eru aftur á móti sáttrir og vilja ekki að horfið verði frá núverandi fyrirkomulagi.

Í kjölfar erindis nemenda heimsótti umboðsmaður barna Grundaskóla og átti afar gagnlegan fund með nemendaráði skólans. Á fundinum gerðu nemendur grein fyrir erindi sínu og ástæðum þess að þeim finnst mikilvægt að halda núverandi skiptingu búningsklefa. Nemendaráðið tók fram að samskipti við sundlaugargesti séu oftast góð og byggja á gagnkvæmri tillitssemi. Því miður hafi hins vegar of oft komið upp atvik þar sem nemendur upplifi óöryggi og vanlíðan m.a. vegna athugasemda og aðfinnslna frá almennum sundlaugargestum. Þá hafi ágreiningur komið upp um forgang að sturtum og nemendum verið vísað frá ákveðnum svæðum í klefunum. Nemendaráðið tók jafnframt fram að þeim beri skylda til þess að sækja skólasund, nemendur séu margir í klefunum á sama tíma og fáar sturtur séu í boði. Þess vegna sé erfitt að deila klefum með öðrum sundlaugargestum.

Grunnskólinn er vinnustaður nemenda og þeim ber skylda til þess að sækja skólasund. Samkvæmt lögum um grunnskóla á starfi skólans ávallt að vera hagað þannig að nemendur finni til öryggis. Í sumum sveitarfélögum hefur sú leið verið farin að loka sundlaugum alfarið á meðan skólasund er kennt og hefur það óneitanlega ákveðna kosti í för með sér t. a. m. er betur hægt að tryggja öryggi nemenda og frið við kennslu. Í því tilviki sem hér um ræðir hefur verið komið til móts við almenna sundlaugargesti með því að bjóða þeim að nota aðra

búningsklefa og eiga kost á því að sækja laugina þó að verið sé að kenna skólasund. Að mati umboðsmanns barna er mikilvægt að sátt ríki um núverandi tilhögun, en áréttar að skólinn og sveitarfélagið þurfi áfram að vera vakandi fyrir öryggi nemenda í skólasundi. Ef ekki tekst að tryggja frið til kennslu, öryggi og persónuvernd nemenda er mikilvægt að sveitarfélagið endurskoði ákvörðun sína og meti hvort ástæða sé til þess að loka lauginni alfarið á meðan nemendur stunda skólasund. Þar að auki telur umboðsmaður barna að sveitarfélagið þurfi að koma þeim upplýsingum á framfæri við almenna sundlaugargesti að þeim beri að sýna nemendum tillitssemi og virða trúnað um það sem fram fer á kennslutíma.

Núverandi skipulag er afrakstur samráðs við nemendur og er ætlað að tryggja öryggi þeirra. Það er til eftirbreytni þegar sveitarfélög og grunnskólar veita nemendum tækifæri til þess að koma skoðunum sínum á framfæri og grípa til aðgerða með það að markmiði að tryggja réttindi þeirra. Það sem börnum er fyrir bestu á ávallt hafa forgang, þegar gerðar eru ráðstafanir sem varða þau.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna

*Afrit sent til nemendaráðs Grundaskóla  
og skólastjóra Grundaskóla*